

Greiðsluskilmálar Arnarlax og tengdra félaga

Skilmálar þessir gilda fyrir Arnarlax ehf. ásamt tengdum félögum og varðar greiðslur Arnarlax til birgja vegna vöru eða þjónustu. Í skilmálum þessum gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- Arnarlax: Nær til fyrirtækjanna Arnarlax ehf., Fjarðalax ehf. og Bæjarvík ehf.
- Birgi: Sá aðili sem selur Arnarlax vöru og þjónustu samkvæmt pöntun
- Aðili/aðilar: Með aðila er átt jafnt við Arnarlax sem og birgja.
- Innkaupaaðili: Sá starfsmaður Arnarlax sem pantaði vöruna eða þjónustuna.

1. Greiðsluskilmálar Arnarlax

- 1.1. Arnarlax greiðir reikninga fyrir vöruúttektir og veitta þjónustu eftir líðandi mánuð auk tuttugu daga eftir úttekt, að því gefnu að reikningar berist til Arnarlax eigi síðar en á fimmta virka degi eftir úttektarmánuð.
- 1.2. Arnarlax greiðir ekki reikninga eftir greiðsluseðlum heldur með beinni millifærslu án kostnaðar vegna greiðsluseðils.
- 1.3. Sérstakur reikningur skal vera fyrir hver innkaup.
- 1.4. Arnarlax ber ekki ábyrgð á seinkun á póstpjónustu og skal birgi sjá til þess að reikningur hafi borist Arnarlaxi innan tiltekins tíma.

2. Upplýsingar á reikningi

- 2.1. Á öllum reikningum verður að koma fram tilvísunarnúmer uppgefið af innkauparaðila Arnarlax.
- 2.2. Á öllum reikningum verður að koma fram upplýsingar um banka og reikningsnúmer viðtakanda greiðslu auk kennitölu.
- 2.3. Skortur á upplýsingum getur leitt til þess að greiðsla dragist.

3. Upplýsingaskylda

- 3.1. Ef einhverjar breytingar verða á upplýsingum hjá birgja, s.s. á kennitölu, bankareikningi o.þ.h., vinsamlegast hafið samband við innkauparaðila og/eða sendið skilaboð á invoice@arnarlax.is.

4. Þjónustureikningar

- 4.1. Allir reikningar vegna framkvæmda eða viðhaldsverkefna sem berast til Arnarlax skulu hafa tilvísun í tiltekið verknúmer og/eða lýsingu á því verki sem er unnið.
- 4.2. Gera skal sérstakan reikning fyrir hvert verk og verknúmer sem unnið er
- 4.3. Reikningur verður ekki samþykktur nema að tiltekin fylgiskjöl fylgi reikningum. Fylgiskjöl eru meðal annars:

- Vinnutímaskýrsla
 - Efnisskýrsla
 - Aðrar upplýsingar og gögn til upplýsinga sem staðfesta fjárhæð reiknings.
- 4.4. Á reikningum skal sýna með skýrum og aðgreinanlegum hætti fjárhæð fyrir vinnu eða efni og hlut virðisaukaskatts.
- 4.5. Á reikningi skal sundurgreina heildarkostnað vegna vinnu, efnis og heildarfjölda vinnustunda
- 4.6. Sölureikningur skal vera gefin út í þeim mánuði sem verkið er unnið

5. Almennar upplýsingar

- 5.1. Allir reikningar skulu stílaðir á Arnarlax á Bíldudal, á nafni Arnarlax og kennitölu 580310-0600. Hægt er að senda reikninga með rafrænni skeytamiðlun eða senda reikninga með tölvupósti á pósthfangið invoice@arnarlax.is. Reikningar sem berast í almennum bréfaþósti skulu afhentir til:

Arnarlax ehf.
Strandgötu 1
465 Bíldudal

- 5.2. Nánari upplýsingar

Beiðni um nánari upplýsingar má senda á:

Arnarlax@arnarlax.is
invoice@arnarlax.is